

# Geðheilbrigðisþjónustubyltingin – var hún til góðs?

*Í greininni er leitast við að leggja mat á þróun geðheilbrigðisþjónustunnar í kjölfar hinna öru breytinga sem orðið hafa síðustu two áratugi. Gerð er grein fyrir nokkrum rannsóknum í þessu tilliti. Þær virðast eindregið gefa til kynna, að þróuin sé að nokkru leyti í farselum farvegi og að sinna megi þorra geðsjúklinga utan hinna stóru geðsjúkrahúsa. Bent er á nauðsyn frekari rannsókna og leiðir í því sambandi.*

Arnar Sverrisson,  
sálfraeðingur, sérfræðingur í  
klinískri sálfraeði,  
yfirsálfraeðingur geðdeildaar  
Fjórðungsþjúkrahússins á  
Akureyri.

## Inngangur

Síðustu áratugi hafa stóru geðsjúkrahúsin smám saman týnt tölunni. Fækkur þeirra hefur haft í för með sér örvar breytingar. Hér er nánast um byltingu í geðheilbrigðisþjónustu að ræða. Yfirlýst hlutverk hinna stóru geðsjúkrahúsa var meðferð geðsjúkra en gild rök hafa verið færð fyrir þeirri skoðun í umrædu síðustu ára, að meginhlutverk þeirra og dulið markmið hafi verið geymsla og umönnun hinna geðsjúku en meðferð sem slík hafi horfið í skuggann. Uppbygging og starfsskipan hafi verið með þeim hætti að torveldaði skyndamlega meðferð (Haugerud, 1987). Nýlegar og viðamiklar norskar rannsóknir gefa skýra vísbendingu um að starfsemi stóru geðsjúkrahússanna stuðli að því að gera fólk ósjálfbjarga og steypi geðsjúklinga í sama mótt. Og í því tilliti skiptir læknisfræðileg sjúkdómsgreining litlu mál (Kolstad og Hagen, 1988).

Geðheilbrigðisþjónustubyltingin hefur einkum falist í að hin stóru geðsjúkrahús, sem oft og tíðum hafa verið staðsett utan þéttbýlis, hafa verið lögð niður og geðheilbrigðisþjónustan færð til viðráðanlegri þjónustueininga í ýmissi mynd, göngudeilda í þéttbýli og samverustaða af einu eða öðru tagi.

Ápreifanlegar umhverfisbreytingar í geðheilbrigðisþjónustunni hafa einnig haft í för með sér innri skipulagsbreytingar. Raskast hefur jafnvægi ábyrgðar, hlutverks og valds, bæði vegna nýrrar stefnumörkunar og fjölgunar „ný-stétt“ í heilbrigðisþjónustunni, svo sem iðjuþjálsa, sjúkrapjálfara, félagsráðgjafa, sálfraeðinga og kennara.

Ætlunin með þessum skrifum er að skoða áhrif umræddrar byltingar í geðheilbrigðisþjónustunni.

## Aðferð

Sjónum verður beint að rannsóknum þar sem leitast er við að varpa ljósi á kosti og galla umræddrar byltingar. Fjallað verður um samfélagsegar forsendur hennar, framvindu og framkvæmd. Skoðunin einskorðast að mestu við og grundvallast á greinum er birst hafa í þrem höfuðtímaritum um geðheilbrigðisþjónustu: „Nordisk Psykiatrisk Tidskrift, British Journal of Psychiatry og American Journal of Psychiatry.“

## Rannsóknir

Stóru geðsjúkrahúsin beggja vegna Atlantsála hafa verið gagnrýnd harðlega fyrir árangursleysi í meðferð. Hefur þessi

gagnrýni komið róti á geðheilbrigðisþjónustu Vesturlanda. Í Bandaríkjum voru sett lög árið 1963, „Kennedy Mental Health Act“, er kváðu á um lokun stóru geðsjúkrahússanna (Östman og Serning, 1987). Á áttunda áratugnum eða nánar tiltekið 1978 sér róttæk löggjöf dagsins ljós á Ítalíu þar sem fyrirskipuð er lokun stóru geðsjúkrahússanna (Jón Gústafsson, 1990). Gert var ráð fyrir aukinni geðheilbrigðisþjónustu utan hinna gamalgrónu stofnana. Menn gerðu sér grein fyrir þörf slíkrar þjónustu en tortryggjar raddir bentu á að hið eiginlega markmið væri að spa opinber útgjöld fremur en að hæta þjónustu við geðsjúka. En hvað svo sem því líður hefur sjúklingum á geðsjúkrahúsum fækkað umtalsvert viðast hvar. Í Bretlandi t.d. fækkaði innlögnum úr 350/100.000 1954 í 156/100.000 1981 (Lawrence, 1991). Eins og gefur að skilja hefur lokun geðsjúkrahússanna afdrifaríkar afleiðingar á mörgum svíðum. Sjúklingar standa andspænis nýjum veruleika og starfsmenn geta orðið atvinnulausir. Uppbygging annars konar geðheilbrigðisþjónustu er ómæld stærð. Við skulum skoða framkvæmdina út frá þrem sjónarhornum: afdrifum starfsmanna, uppbyggingu annars konar geðheilbrigðisþjónustu og afdrifum sjúklinga. Sé litið til starfsmannapáttarins eru dæmi þess, að öllum stafsmönnum sé tryggð atvinnna og önnur dæmi sýna að nokkur hluti starfsmanna á í erfíoleikum með að útvega sér nýja vinnu og grípur jafnvel til „þau setu“ á vinnustað til að verja hagsmuni sína (Denecker, 1989). Þar sem skipulega er staðið að breytingum er reynsla fyrir annars konar viðbrögðum starfsfólks. Í Bohuslän (u.þ.b. 300.000 íbúar) í Svíþjóð var ákveðið árið 1984 að leggja niður í áföngum stórt geðsjúkrahús á næstu tíu árum. Breytingar viðast hafa haft hærilegan meðbyr meðal hjúkrunarlíðs þar eða 53% þess kvaðst sannfært um að sjúklingarnir fengju betri meðferð utan stofnunar. Pannig óskaði 61% hjúkrunarlíðs eftir starfi við nýju geðheilbrigðisþjónustuna og 36% fundu hjá sér hvöt til frekari menntunar. Skuli tryggt að starfsfólk leggjist á sveif með þeim breytingum, er ýta skal úr vör, segir reynslan að affarasælast sé að hafa það með í ráðum og tryggja að boð um ákvarðanatöku berist því með skilmerkilegum hætti.

Fyr er á það drepið að í umrædu um geðheilbrigðisþjónustu, áður en lokun geðsjúkrahússanna brast almennt á, hafi heyrst í grundaðar efasemdir um að fullnægjandi geðheilbrigðisþjónustu yrði komið á fót úti í samfélögum. Sú virðist vera raunin, í mismunandi mæli þó. Varnaðarorð um að lokun geðsjúkra-

hússanna gangi of hratt fyrir sig miðað við uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustunnar utan þeirra berast hvaðanæva að t.d. frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Ítalíu, Hollandi og Svíþjóð (Östman og Serning, 1987; Jón Gústafsson, 1990; Giel, 1986; Wéssen og Tysk, 1991).

Síðustu ár hafa menn gert sér far um að kenna með vísindalegum hætti hvað geðheilbrigðisþjónustubyltingin hefur haft í för með sér fyrir sjúklingana sjálfa. Bresk rannsókn gefur vísbindingu um að hegðun sjúklinga, sem nú er sinnt í sambýli, fái smám saman eðlilegra svipmót (Kingdon, Turkington, Malcolm, Szulecka og Larkin, 1991).

Rannsókn framkvæmd í Gävleborg í Svíþjóð sýnir að tveir af hverjum þrem geðsjúklingum búa við viðunandi skilyrði úti í samfélögum. Kómmunin náði til 69 sjúklinga er útskrifaðir voru á árabilinu 1984-1988. Fjóra fýsti til gamla sjúkrahússins en aðrir virtust tiltölulega ánægðir með hlutskipti sitt (Wéssen og Tysk, 1991).

Niðurstöður athugana frá Vestmannaþjónustu í Svíþjóð, þar sem íbúafjöldi er svipaður og á Íslandi, eru þó ekki jafn upprörvandi því í ljós kom að enn var til að dreifa geðsjúklingum sem bjuggu við óviðunandi aðhúnað og ekki var vitað um áður (Östman og Serning, 1987).

Í Bretlandi hefur geðheilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa sömuleiðis verið vísindalegur gaumur gefinn. Ályktað er sem svo, að þriðjungur geðsjúkra geti bjargast á eigin spýtur með óverulegum stuðningi og að geðheilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsanna geti sinnt langflestum þurfandi sé vel að henni staðið (Clifford, Charman, Webb og Best, 1991).

Heldur kveður við daufara hljóð í Geller, Fisher, Simon og Wirth-Cauchon (1990) sem metið hafa geðheilbrigðisþjónustuna í Massachusetts í Bandaríkjunum. Þessi athugun var gerð þegar innlögnum sjúklinga á ríkisgeðsjúkrahúsið þar um slóðir var fækkað kerfisbundið. Þeir félagar staðhæfa að hér sé um að ræða þá breytingu á þjónustu við geðsjúka í Bandaríkjunum sem fær hvað mestar fjárveitingar. Reynslan sýnir að auðveldast sé að veita utanstofnanaþjónustu þroskaheftum sjúklingum og öldruðum. Gamlir sjúklingar með erfiða geðsjúkdóma séu starfsfólk hins vegar þyngri í skauti og endurinnlagnir sumra þeirra eru tiðar.

Í Vermont í Bandaríkjunum var gerð könnun á breytingum í geðheilbrigðisþjónustu. Tildróg voru þau að í upphafi sjötta áratugarins var ákveðið að fækka mjög sjúklingum á geðsjúkrahúsi svæðisins. Áætlunin hófst með endurþjálfun starfsfólks og vali sjúklinga. Fyrir valinu urðu erfiðustu sjúklingarnir, þeir er voru fárveikir og lítt sjálfþjarga langvistunarsjúklingar. Meðalaldur þeirra var 40 ár, veikindasaga þeirra var 16 ár að meðaltali og meðaltími samfelliðrar vistunar var 6 ár. Í áætlunina völdust 262 sjúklingar og hefur þeim verið fylgt eftir 132 ár síðan. Aldarfjórðungi eftir útskrift voru aðstaður og afdrif þeirra sem enn lifðu og til náðist rannsakaðir af vísindalegi kostgæfni. Þeir er rannsóknina framkvændu voru ókunnugir högum sjúklinga, p.e.a.s. matið var blint. Niðurstöður benda til að 50-66% sjúklinga þeirra, er útskrifast höfðu 25 árum áður, hefðu náð verulegum bata (Harding, Brooks, Ashikaga, Strauss og Breier, 1987).

## Ályktun

Rannsóknir hvarvatna benda til, að langflestum geðsjúklingum megi sinna utan sjúkrahúsa og án sólarhringsvistunar. En forsenda þess er að stjórnvöld kynoki sér ekki við að ella nauðsynlega þjónustu handa geðsjúkum úti í samfélögum. Á það hefur nefnilega verið bent að ónóg uppbygging slískrar þjónustu kunni að sjölgja umrenningum (Nordentoft, 1988) annars vegar og sjálfsvígum meðal geðsjúkra hins vegar. Sjálfsvíg hjá þessum hópi virðist hafa ankist um u.p.b. 8% á síðustu árum (Alnæs, 1987).

Í breytingum á geðheilbrigðisþjónustunni eins og á öðrum svíðum verður gjarnan skammt öfganna á milli. Enda þótt öflug geðheilbrigðisþjónusta utan stofnana sé fær í flestan sjó eru henni takmörk sett engu að síður. Þen er þörf aðhlynningar, gæslu og meðferðar einstakra geðsjúklinga allan sólarhringinn, oft og tóum vegna öryggis þeirra sjálfrra og samborgaranna. Að sjálfssögðu er engan veginn gefið að slíka þjónustu þurfi að einskorða við sjúkrahús en óneitanlega er slík staðsetning á stundum heppileg, þar sem um margræð og flókin veikindi er að ræða. Einnig er síður en svo loka fyrir það skotið að enn eigi sólarhringsvistun faglega vaxtarmöguleika og er þá einkum litið til uppledismedferðar sem í mörgum tilvikum grundvallast á kerfisbundinum og samþætri meðferð ýmissa faghópa. Í þessu tilliti eru kennarar allt of sjaldan tilkvaddir.

Geðsjúklingar hafa margvíslegar þarfir og þeim ber að sinna með margvíslegum hætti. Í þessu sambandi hefur verið að það bent að unnt sé að aðgreina þá hópa sjúklinga sem annars vegar hafa gagn af sólarhringsvistun og hins vegar dagdeildarvistun (S.B. Stefánsson og H. Pétursson, 1989).

Geðheilbrigðisþjónustan stefnir vafalítið í rétta átt enda þótt erfitt sé að meta nákvæmlega hvernig breytingarnar skila sér í bættri heilsu geðsjúklinga. Helst má að rannsóknnum finna að skilmerkilega skilgreiningu hugtaksins geðheilsu skortir, þannig að nákvæmur samanburður athugana er torveldur. Hrinda þyrfti í framkvæmd vönduðum könnunum þar sem sundurgreindir eru sjúklingahópar, tegund þjónustu og aðferð til að auðvelda eins og frekast er kostur mat og samanburð. Einnig væri það spennandi viðfangsefni og þarflegt að kenna hvort sú mikla umræða um hlutverk og völd í skipulagi geðsjúkrahúsanna, sem átt hefur sér stað síðustu áratugina, hafi skilið eftir sig spor og þá hver?

## Heimildaskrá

- Alnæs, R. (1987) Suicid bland innlagte psykiatriske pasienter. *Nordisk Psykiatrisk Tidskrift*, 44, 41-49
- Clifford, J.L., Charman, A., Webb, Y. og Best, S. (1991). Planning for community care: Long stay populations of hospitals scheduled for rundown or closure. *British Journal of Psychiatry*, 178, 190-196
- Denecker, K. (1989). Short-term nursing staff reactions to the closure of a major psychiatric hospital. *Nordisk Psykiatrisk Tidskrift*, 43, 401-410
- Geller, J.L., Fisher, W.H., Simon, L.J. og Wirth-Cauchon, J.L. (1990) Second-generation deinstitutionalization. I: The impact of Brewster v. Dukakis on state hospitals case mix. *American Journal of Psychiatry*, 147, 982-987
- Giel, R. (1986) Care of chronic mental patients in the Netherlands. *Social Psychiatry* 21, 25-32
- Gústafsson, J. (1990) Ti år "uden" psykiatriske hospitaler. *Nordisk psykologi* 42(1), 37-58
- Harding, C.M., Brooks, G.W., Ashikaga, T., Strauss, J.S. og Breier, A. (1987). The Vermont Longitudinal study of persons with severe mental illness. I: Methodology, study sample, and overall status 32 years later. *American Journal of Psychiatry*, 144, 718-726